



### **Minnisblað starfsmanna (innra vinnuskjal)**

Móttakandi: Velferðarnefnd Hornafjarðar  
Varðandi: Aksturþjónustu aldraðra  
Máls nr. 202104011  
Dags.: 24.11.2022  
Höfundur: Erla Björg Sigurðardóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Reglur um aksturþjónustu aldraðra eru settar með vísan til ákvæða X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Markmið með aksturþjónustu aldraðra er að gera öldruðum einstaklingum kleift að búa lengur heima.

#### ***Umræða***

Ræða þarf fyrirkomulag þjónustunnar skv. 3. gr. reglna framkvæmd þjónustunnar þ.e. að framkvæmd hennar verði í umsjá verktaka/eða starfsmanna sviðarfélagsins. Skipulag þjónustunnar er skv. 4. gr. er að hún er almennt veitt virka daga frá kl. 7:30 til kl. 22:00 og um helgar frá kl. 10:00 til 16:00. Semja skal um reglubundnar ferðir við notendur en sé um óreglulegar ferðir að ræða, þarf alla jafna að óska eftir akstri með dags fyrirvara. Einnig er á dagskrá að ræða gjaldskrá.